



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

FÓHE2FU05

Fóðrun og umsjón hesta
FÓHE III

Kennarar: Johannes Amplatz (JOA)

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er fóðrun, fóðurgæði og umhirða hesta. Nemendum er kennt að meta fóðurástand hesta sinna, gæði fóðurs og hvert sé nauðsynlegt magn næringarefna í innihaldi hestafóðurs. Farið verður yfir helstu grunnþætti almennra fóðurfræða og hvernig fóðra skal hesta miðað við mismunandi aðstæður og fóðurkröfur t.d. hest á viðhaldsfóðri, hest í vexti eða mikið brúkaðan reiðhest.

Farið verður yfir helstu þætti er snúa að dýravelferðarmálum og hvernig hægt er að haga umhirðu hests með vellíðan hans í huga og í því sambandi farið yfir helstu þætti hirðingar s.s. rakstur, kumbingu, hófhirðu, val á undirburði í stíum o.fl.

Í áfanganum verður einnig farið yfir helstu atriði er varða járningar á keppnis- og kynbótahrossum, hvað er æskilegt og hvað ber að varast og hvað reglur gilda um þær járningar.

Æskilegt er að kennsla fari að nokkru leiti fram í hesthúsum þar sem nemendur þurfa að meta holdafar hrossa sinna, setja upp fóðuráætlun í samræmi við fóðurgæði, holdafar og brúkun, auk þess að halda fóðurdagbók.

Forkröfur: FÓHE2HU03

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn atriði í fóðurfræði
- mati á fóðri
- fóðurþörf og fóðurástandi hrossa
- dýravelferðarmálum
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi, þrif á hrossum og hreinlæti í húsum
- grunnstöðu hófs og hvernig hún er metin
- hvernig almenn þekking á líkamsbyggingu hestsins nýtist við járningar og hófhirðu
- hvernig ganga skuli um búnað og verkfæri s.s. járnringaverkfæri, kamba, klippur, ofl.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði
- fóðrað hross miðað við mismunandi skilyrði
- meta gæði fóðurs
- setja upp fóðuráætlanir með tillit til holdafars hesta, notkunar og gæði fóðurs
- umgangast og hirða hesta á öruggan og ábyrgðarfullan hátt
- meðhöndla járningaverkfæri
- klippa hófa miðað við grunnstöðu hófs
- járna einfaldar járningar
- raka undan faxi og kvið hrossa
- halda hrossum hreinum á húsi og í almennri sæld

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði.
- skrásetja atriði er lúta að umhirðu hrossa
- meta fóðurþörf við mismunandi aðstæður og setja upp fóðuráætlanir
- meta rétta fótstöðu hrossa
- meta ástand járninga
- halda hestum á húsi hreinum og í sæld

Verkefni:

Verkefni 1: Umhirðuskýrsla nemendahests

Verkefni 2: Hlaðvarp

Verkefni 3: Hrosshagar

Námsmat:

Kaflapróf 1	10%
Kaflapróf 2	10%
Kaflapróf 3	10%
Upprifjunarpróf	15%
Verkefni 1: Umhirðuskýrsla nemendahests	30%
Verkefni 2: Hlaðvarp	10%
Verkefni 3: Hrosshagar	5%
Mæting og frammistaða	10%

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Mætingu og frammistöðu“.

Mæting og frammistaða: Hér er metið hvernig mæting og frammistaða nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, mat á heilbrigði, fódurástand og járningu nemendahests, o.s.frv..

ATH: Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
33	16.-20.08	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs Heysýni	JOA
34	23.-27.08.	Meltingarfæri hrossa og meltanleiki fóðurs Meltingarfæri hrossa og meltanleiki fóðurs Heilbrigði meltingavegs Heysýni	JOA
35	30.08.-03.09	Heilbrigði meltingavegs Kaflapróf 1: Meltingarfæri, meltanleiki fóðurs, heilbrigði meltingavegs Fóðrun reiðhrossa: Fóður og fódurefni	JOA
36	06.-10.09.	Fóður og fódurefni Fóðurþarfir	JOA
37	13.-17.09.	Fóðurþarfir Stigunarkvarði holdafars Verkefni 1: mat á nemendahesti (frankvæmt fyrir/eftir reiðtíma) Verkefni 1: Verkefnavinna	JOA
38	20.-24.09.	Vettvangsferð: mat á fóðri, taka heysýni Orku- og próteinþarfir Vatnsþarfir	JOA
39	27.09.-01.10.	Orku- og próteinþarfir Vatnsþarfir Steinefni, snefilefni og vítamín	JOA
40	04.-08.10.	Steinefni, snefilefni og vítamín Fóðrun keppnishesta/hrossa undir miklu álagi Verkefni 2: skil	JOA
41	11.-15.10.	Vettvangsferð: Fóðurblandan 14.-15. Haustfrí	JOA
42	18.-22.10.	Járningar og hófhirða: reglur varðandi keppni og kynbótasýningar (Carro) Verkefni 1: skoðun á járningu Járningar og hófhirða: verklegar æfingar (Carro)	JOA CA

43	25.-28.10.	Fóðrun keppnishesta/hrossa undir miklu álagi Verkefni 1: 2. mat á nemendahesti (framkvæmt fyrir/eftir reiðtíma) Kaflapróf 2: Fóðurfræði Reglugerð um velferð hrossa	JOA
44	01.-05.11.	Reglugerð um velferð hrossa Rekstur hesthúsa, umhirða reiðhrossa, undirburður	JOA
45	08.-12.11.	Rekstur hesthúsa, umhirða reiðhrossa, undirburður Dýravelferð, lög og reglugerðir (Dýralæknir MAST)	JOA
46	15.-19.11.	Rekstur hesthúsa, umhirða reiðhrossa, undirburður Hrossahagar, beit og beitarstjórnun hrossa Hrossahagar, beit og beitarstjórnun hrossa	JOA
47	22.-26.11.	Hrossahagar, beit og beitarstjórnun hrossa Verkefni 1: lokamat á nemendahesti (framkvæmt fyrir/eftir reiðtíma) Verkefni 1: verkefnavinna	JOA
48	29.11.-03.12.	Kaflapróf 3: dýravelferð, rekstur hesthúsa, umhirða reiðhrossa, undirburður Upprifjun Upprifjun	JOA
49	06.-10.12.	Prófvika: Upprifjunarpróf	JOA